



Tilkynning um kærúmál nr_ 117_2024

| | |
|----------------|---|
| Búið til | 8.10.2024 08:29:51 |
| Höfundur | Hera Elfarsdóttir |
| Móttekið dags. | 7.10.2024 15:28:13 |
| Tilheyrir | USK24100086 - Laugarásvegur 63 - Kærúmál 117/2024 |

Efni

Tilkynning um kærúmál nr_ 117_2024

Upplýsingar

Vinnsla

| Móttekið dags. | 7.10.2024 15:28:13 | Staða | Innflutt |
|----------------|---------------------------|----------|----------|
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Málalykill | 00.15.02 Kætur og dómsmál | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is |
| Cc | |

Innihald

Góðan daginn.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru Indriða Björnssonar, móttekin af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 7. október 2024, ásamt fylgiskjöllum, á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að falla frá áformum um álagningu dagsekta vegna girðingu á

lóðarmörkum Laugarásvegjar 63. Hefur kærán hefur hlotið málsnúmerið 117/2024.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldinu jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með kveðju,

Unnpór Jónsson lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 575 8710

www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



7 Október 2024.

Undirritaður eigandi Laugarásvegjar 61, í Reykjavík, kæri hér með ákvörðun byggingarfulltrúa dags. 23. september 2024, USK 23110289, um að falla frá áformum um álagningu dagsekta þrátt fyrir að hafa veitt lóðarhöfum á Laugarásvegi 63 14 daga lokafrest til að fjarlægja girðinguna með bréfi dags. 23.4.2024.

Þess er krafist að ákvörðun byggingarfulltrúa í málinu verði felld úr gildi.

Málavextir

Málavextir eru í stuttu máli þeir að með bréfi dags. 23. apríl 2024, veitti byggingarfulltrúinn í Reykjavík lóðarhafa Laugarásvegjar 63, 14 daga lokafrest til að fjarlægja girðingu sem hann hafði reist í óleyfi á lóðamörkum Laugarásvegjar 63 og lóðar kæranda. Var jafnframt tilkynnt að ef ekki yrði orðið við kröfunni áformaði byggingarfulltrúi að leggja dagsektir á lóðarhafann. Var lóðarhafa jafnframt veittur frestur til að koma að andmælum vegna fyrirhugaðra áforma.

Með bréfi byggingarfulltrúa dags. 23. September sl., eftir mikla eftirgangsmuni kæranda, tilkynnir byggingarfulltrúi lóðarhafa Laugarásvegjar 63, að fallið sé frá áformum um dagsektir.

Málsrök og lagarök

Krafa kæranda byggist á því að ákvörðun byggingarfulltrúa frá 23. apríl 2024 var stjórnvaldsákvörðun og að ekki verði séð að skilyrðum ákvæða VI. kafla stjórnsýslulaga um afturköllun ákvörðunar ofl. í máli þessu sé uppfyllt. Afgreiðsla byggingarfulltrúa í málinu felur í raun í sér að fallið sé frá því fyrirskipa fjarlægingu girðingarinnar, en ekki einungis að fallið sé frá áformum um beitingu dagsekta. Þetta tvennt helst alltaf í hendur.

Kærandi byggir á því að verulegur vafi leiki á því hvaða lagagrunni hin kærða ákvörðun í málinu byggir á, en ekki sé vísað til neinna ákvæða stjórnsýslulaga varðandi afturköllun eða breytingu á ákvörðunum í hinni kærðu ákvörðun.

Ekki sé t.a.m. einum atvikum til að dreifa sem hafa breyst verulega frá því að hin íþyngjandi ákvörðun um að fyrirskipa fjarlægingu girðingarinnar var tekin, sbr. 2.tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga og ekki sé um ógildanlega ákvörðun að ræða. Þvert á móti hafi ákvörðun byggingarfulltrúa um að fyrirskipa fjarlægingu girðingarinnar verið staðfest með úrskurði ÚUA nr. 54 / 2024.

Sá rökstuðningur fyrir ákvörðun að aðhafast ekki í málinu nú með tilvísan til orðalags í frumvarpi til mannvirkjalaga haldi ekki neinu vatni, enda hefur þetta orðalag verið í frumvarpinu frá því að lögin tóku gildi árið 2010 og byggingarfulltrúa fullkunnugt um það.

Af hverju hann grípi til þess nú er með öllu óskiljanlegt og ómálefnalegt og brýtur gróflega gegn góðum stjórnsýsluháttum. Það stenst ekki neina skoðun að vitna til þessa nú af því að það kunni að henta byggingarfulltrúa sem allt í einu hafi ekki kjark eða staðfestu til að fylgja eftir ákvörðunum sínum.

Ljóst er að álagning dagsekta er þvingunarúrræði sem er beitt til að fylgja eftir ákvörðunum byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi hefur tvennskonar úrræði skv. lögum í þeim efnum, annars vegar dagsektir og hinsvegar að vinna verk á kostnað eiganda. Það er algjörlega haldlaust að taka ákvörðun um að gera eiganda Laugarásvegar 63 að fjarlægja óleyfisframkvæmd ef ekki stendur til að fylgja henni eftir með þvingunarúrræðum. Slík ákvörðun er markleysa að lögum. Orðalag bréfs byggingarfulltrúa getur því ekki skilist öðruvísi en svo að dagsektir verði lagðar á verði girðingin ekki fjarlægð innan 14 daga.

Eigandi Laugarásvegar 63 nýtti sér ekki andmælarétt heldur kærði ákvörðun byggingarfulltrúa til ÚUA, sem með úrskurði hafnaði kröfu um ógildingu.

Ekki er heldur gerð nein tilraun af hálfu byggingarfulltrúa til að rökstyðja af hverju hann fellur nú frá fyrri ákvörðun eða hvaða atvik hafi breyst sem réttlæti slíka ákvörðun. Hafa verði í huga að byggingarfulltrúinn í Reykjavík er stjórnvald og að kærandi mátti hafa réttmætar væntingar til þess að fyrri ákvörðun yrði ekki breytt eftir geðþótta viðkomandi stjórnvaldshafa án haldbærra raka eða í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Það er vont fordæmisgildi að hóta dagsektum en draga það svo til baka án haldbærra skýringa eða raka, slíkt dregur úr trúverðugleika Byggingarfulltrúa.

Kærandi telur augljóst að ákvörðun byggingarfulltrúa í málinu sé haldin svo verulegum ágöllum að ekki verði hjá því komist að fella hana úr gildi.

Í fylgiskjölum með kærinni er Bréfið frá Byggingarfulltrúa: **Fallið frá áformum um álagningu dagsekta**, auk þess eru tölvupóst samkipti á milli Byggingarfulltrúa og L63, og mín og Byggingarfulltrúa ofl, einnig er tölvupóstur sem **svar frá mér á Laugarásvegi 61 til Brynjars Byggingarfulltrúa þann 30.9.2024.**